

Minnisblað

Dagsetning: 15. apríl 2025

Höfundur: Björn Júlíus Grímsson

Viðtakandi: Halldór Kolbeins formaður og stjórn Leiðsagnar

Efni: Minnisblað v/ferðar Björns Júlíusar Grímssonar til Rhodos á fund Samtaka evrópskra leiðsögumannafélaga (The European Federation of Tourist Guide Associations/FEG.

Inngangur

Í lok síðasta árs tók stjórn Leiðsagnar þá ákvörðun að styrkja samband okkar við erlenda kollega okkar og eftir eftirgrennslan kom í ljós að okkar hagsmunum er líklega best borgið innan Samtaka evrópskra leiðsögumannafélaga (The European Federation of Tourist Guide Associations /FEG. Um er að ræða nokkur starfandi samtök sem koma til greina en innan þessara samtaka fær félagið gott tengslanet við félag okkar í Evrópu auk þess sem Norðurlöndin eru einnig virk innan þessara samtaka.

Ákveðið var að senda Björn Júlíus Grímsson á fund félagsins til Rhodos. Ferðin ferðin reyndist bæði árangurrík, fræðandi og skemmtileg. Þó má einnig segja að ferðin hafi jafnframt verið „smá stuðandi“ þ.e. að heyra að ansi oft erum við að glíma við sömu vandamál og við sjáum hér heima. Hér á Íslandi eru þetta vandamál vegna skorts á löggjöf eða áhugaleysis á eftirfylgni þeirra laga sem til staðar eru. Í Evrópu hins vegar virðist þessu þó aðeins öðruvísi farið, þ.e. að oft ft á tíðum er þar um brot á lögum að ræða sem þar til nýlega voru þó virt þarna. Ég læt nokkur dæmi fylgja hér á eftir til að gefa örlitla innsýn inn í það sem er í gangi í öðrum löndum um bæði vandamál og lausnir við þeim.

Í London má hver sem er leiðsegja en þar eru fagmenn auðkenndir með svokölluðum bluebadge og það eru þó nokkur svæði sem aðeins menntaðir og viðurkenndir leiðsögumenn mega fara um og stunda sína vinnu.

Skotland á í miklum vandræðum með sjóræningjastarfsemi og þá helst til fólk sem er að leiðsegja og líklega ekki að borga skatta og skyldur af því sem það er að gera.

Í Danmörku er frekar alvarlegt ástand þar sem það er enginn starfandi skóli þar lengur fyrir leiðsögufólk. Það virðist helgast að því að fyrirtækin tóku upp á að byrja að mennta sína leiðsögumenn sjálf og ráða svo þessa leiðsögumenn til sín á um helmingi lægri launum en það sem var áður. Fyrirtækjunum fannst skólinn vera of dýr þessi leið þeirra var ódýrari. Í kjölfar þessarar „menntunar“ fyrirtækjanna hrundi hrundi rekstargrundvöllur skólans.

Í Þýskalandi er ökuleiðsögn nánast ekki til vegna regluverksins þar. Eingöngu er hægt að framkvæma ökuleiðsögn í formi leigubílaaksturs en þeir eru líka í takmörkuðu magni. Þar eru fjölmargir staðir, líkt og t.a.m. útrýmingarbúðir nasista þar sem enginn fær að leiðsegja í nema vera með tilskylda menntun. En enginn má leiðsegja í flestum stórborgum án menntunar.

Í Austurríki þarf að hafa lokið þekkingarprófi en þetta á þó aðallega við um borgar- eða staðarleiðsögumenn. Þegar rútur koma inn í borgir taka þessir leiðsögumenn gjarnan við og svo heldur rútan áfram. Fjallaleiðsögn er svo allt annað og flóknara regluverk þar sem er meira

notast við alþjóðlega staðla enda um mjög svo augljósa hættu að ræða á því sviði. Þau félög sem eru í forsvari fyrir hvern hóp fyrir sig virðast ekki vera í neinu sambandi. Sektir fyrir að leiðsegja án menntunar en þeim er alltof sjaldan beitt.

Á Spáni (Mallorca) er leiðsögn menntun og frekar stífur skóli en yfirvöld gera lítið sem ekkert í að vernda starfsheitið. En á Spáni er enginn heildarreglugerð eða lög heldur á hvert hérað eða sveitafélag að setja reglur sem þeim finnst henta.

Írland er það land sem við mögulega gætum átt hvað gjöfulest samstarf við því þar er akstursleiðsögn kominn á flug og þar af leiðandi eru þau með aðeins líkara landslag og við erum að eiga við. Þeir eru með rútuakstur um borgir og úti á landi og svo staðbundna leiðsögn (kastalar o.fl.) það er hins vegar ríður á milli stéttarfélaga og svo Sambanda um leiðsögn og erfitt að fá alla til að ganga í takt. Þetta var æði oft nefnt af fjölmörgum fulltrúum.

Grikkland er með leiðsögn sem lögreglu starf. Menntunin felur í sér að þú þarft að tala grísku en líka 2 önnur tungumál. Starfið þar er mun betur borgað en t.d. að vera kennari en fær því miður mun minni virðingu í samfélaginu.

Í Frakklandi er menntunar krafist til að leiðsegja. Eftir próf viðurkenndir leiðsögumenn pappírsskírteini sem er auðvelt að falska. Mikið er um Kínverska leiðsögumenn sem eru löglegir en virðast gríðarlega stoltir að svindla á kerfinu allsstaðar sem þeir geta. Borga þeir aðeins fyrir hluta af hópnum inn á söfn og koma svo með miðana út til að koma restinni inn og margt annað tiltekið þar sem þeir eru að svindla, sem of langt mál væri að telja upp.

Armenía hefur nýverið gert mikinn skurk í að markaðssetja sig sem ferðamannaland og tók þá leið að auka alla fagmennsku í greininni. Leiðsögumenn verða að tala tungumálið (armensku) og auðvitað erlent mál og hafa þjálfun í öllu því helsta sem þú gætir lent í og erum með sérstök verðlaun fyrir framúrskarandi leiðsögumenn.

Á Kýpur mega aðeins sérmenntaðir leiðsögumenn fara inn á ákveðin svæði

Tékkland hefur 1. og 2. stigs kerfi. Allir geta skráð sig og leiðsagt en menntun kemur þér upp í fyrsta flokk. Hins vegar eru skilyrðin til að komast í 2 flokk (betri laun m.a.) svo ströng að aðeins fáir ná að komast þangað.

Í Þýskalandi eru um 7500 leiðsögumenn skráðir en engar kröfur um menntun. Með skráningu færðu færi á að kaupa hagstæðar tryggingar fyrir sjálfan sig á um 40 evrur. Þar er stjörnukerfi þar sem allir sem skrá sig fá 1 stjörnu og með menntun getur þú unnið þig upp í 3 stjörnur. Um 2500 hafa náð þessu og er markmið að ná þessari tölu hærra upp.

Ungverjaland er fyrirkomulagið þannig að nokkrir skólar eru til og það þarf menntun til að leiðsegja.

Ítalía hefur ný reglugerð verið kynnt í stað þeirra gömlu þar sem var gerð krafa um háskólamenntun og próf í tungumálum. Núna verður bara próf (eins konar stöðupróf) og yfirlýst markmið er að útskrifa 5000 leiðsögumenn á ári, þrátt fyrir að aðeins séu starfandi um 25.000 leiðsögumenn.

Skráningarskylda er í Hollandi en mismunandi reglur eftir borgum.

Noregur er að vinna í reglugerð til að auka öryggi í greininni. Starfandi eru 13 samtök núna undir Samtökum leiðsögumanna.

Í Portúgal var starfið lögverndað 2011 en það var afnumið. Stéttafélag er með próf svo þú getur fengið skírteini sem dugar til að mega leiðsegja. Til að fá að taka það próf þarf menntun í ferðapjónustu og tala a.m.k. 2 tungumál auk portúgölsku.

Rúmenía hefur þetta þrískipt. Til eru leiðsögumenn sem eru sérhæfðir í öllu landinu, síðan þeir sem koma inn og fara aftur út úr landinu og svo svæðisleiðsögumenn. Mismunandi kröfur eru í gildi fyrir hvern hóp.

Eins og sést á þessum punktum eru margar baráttur háðar víða um álfuna og það virðist vera endalaust hægt að gefa afslátt á fagmennsku. Í samanburði við önnur lönd hér að framan virðumst við Íslendingar þó samt sitja uppi með eitt lélegasta umhverfið fyrir leiðsögumenn.

Þetta er einnig sú huglæga tilfinning sem ég hafði eftir að hafa talað við leiðsögumenn á óformlegum nótum. Við virðumst við vera sér á báti hér á landi hvað varðar kröfur um leyfi, skráningu, eftirlit, fagmennsku og svo mætti lengi telja.

Mér sýnist að öll Evrópa sé að reyna að fá starfið viðurkennt sem aðalstarf því ferðapjónusta er jú oft árstíðabundin. Hér á Íslandi erum við í dauðafæri að gera þetta almennilega og gera starfið þannig að virðingaverðu starfi sem á hreinlega að vera hægt að læra til strax eftir stúdentspróf eða í menntaskóla.